

1997

Fimmtudaginn 23. nóvember 1983.

Nr. 46/1983. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

Sigurði Þór Sveinssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hr.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almenndra hegningarlaga. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 1. febrúar 1983. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 4. október sl.

Í áfrýjunarstefnu segir, að málinu sé af hálfu ákærvalds áfrýjað til staðfestingar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur ríkissaksóknari gert þá kröfu, að refsing ákærða verði þyngd. Þar sem sú krafa var ekki höfð uppi í áfrýjunarstefnu, verður að miða við, að áfrýjað sér til staðfestingar á héraðsdómi.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstrétt.

Með bréfi 4. september 1981 sendi saksóknardeild lögreglunnar í Kaupmannahöfn ríkissaksóknara gögn í máli ákærða, sem lýst er í héraðsdómi og höfðað hafði verið gegn ákærða í Kaupmannahöfn, og óskaði eftir því, að ákærvaldið á Íslandi tæki við saksókninni. Með bréfi 22. febrúar 1982 tilkynnti ríkissaksóknari lögreglunni í Kaupmannahöfn, að mál þetta yrði sameinað máli, sem höfðað yrði hér bráðlega út af öðrum sakargiftur á hendur ákærða.

I. Ákæruliður 1.

Með skírskotum til forsendna héraðsdóms þykir eiga að staðfesta niðurstöðu hans um þennan ákærulið.

II. Ákæruliðir 2—6.

Í ákæruliðum þessum er ákærði saksóttur fyrir að hafa í fimm skipti í júlí og ágúst 1978 keypt í félagi við aðra hass í Hollandi og selt það í Gautaborg og Kaupmannahöfn.

Ákærði kom fyrir dóm í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hinn 11. janúar 1982. Var þá lögð fram mappa með gögnum, er hann varðaði, úr rannsókn, sem áður hafði farið fram á hendur öðrum nafngreindum mönnum, og „ljósrit yfirlits yfir áburði á mætta.“ Í bókun í þinghaldi þessu segir m. a. á þessa leið:

„Dómari kynnir mætta skjöl málsins, og kveðst mætti hafa kynnt sér skjöl þar greint sakarefni varðandi hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 1979.

Varðandi sakaráburð á mætta í nefndum gögnum þá kveðst mætti saklaus af honum og ekki geta gefið neinar skýringar þar á.“

Svo er að sjá, að í þessu þinghaldi hafi ákærði verið spurður um sakarefni samkvæmt 2.—6. ákærulið, þótt ekki komi það greinilega fram í bókuninni.

Frekari rannsókn um efni ákæruliða 2—6 fór ekki fram, áður en málið var höfðað.

Hinn 18. febrúar 1982 kom ákærði á ný fyrir dóm, og var hann þá einungis spurður um sakarefni þau, sem um ræðir í 1., 7. og 8. ákærulið, en í þinghaldinu voru lögð fram gögn um málssóknina gegn ákærða í Kaupmannahöfn.

Við þingfestingu málsins 9. september 1982 var ákæran borin undir ákærða. Lýsti hann þá yfir því, að hann kannaðist ekki við sakargiftir samkvæmt ákæruliðum 2—6. Síðar í þinghaldi þessu skýrði ákærði þó frá á þessa leið:

„Aðspurður um ferðir og dvöl í júlí og ágúst 1978 kveðst ákærði sumarið 1978 hafa farið tvær ferðir til Hollands. Fyrri ferðin var farin með Hermanní Ólasyni, og keypti ákærði að sögn 200 grömm af hassi, er seld voru í Gautaborg.

Skömmu síðar kveðst ákærði enn hafa farið með Hermanní Ólasyni til Hollands. Ákærði kvaðst ekki hafa keypt fíkniefni í þeirri för.“

Þá skýrði ákærði frá því, að hann hefði oft farið til Svíþjóðar í júlí—ágúst 1978, m. a. verið þar á hljómleikum, en tvær ferðir hefði hann farið gagnert til þess að selja fíkniefni.

Nánar hefur ákærði ekki verið spurður um ferðir þessar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hafa ýmsir menn skýrt við fyrri rannsókn frá því, að ákærði hafi átt þátt í að flytja hass í fimm ferðum frá Hollandi sumarið 1978 og selja það. Enginn þessara

manna var kvaddur til þess að gefa skýrslu við meðferð máls þessa, þótt ákærði neitaði sekt sinni, og verjandi ákærða lýsti yfir því, að hann teldi framburð þessara manna ónothæfan sem grundvöll dóms í málinu. Við flutning málsins hér fyrir dómi hefur verjandinn haldið því fram, að eigi hafi verið sinnt tilmælum sínum um, að menn þeir, sem sakir höfðu borið á ákærða í áðurnefndri rannsókn, yrðu yfirheyrðir á ný og að sér yrði veitt færi á að leggja spurningar fyrir þá. Sækjandi málsins í Hæstarétti, er einnig flutti málið í hér-
aði, hefur staðfest það, að þessi staðhæfing verjandans sé rétt.

Eins og á stóð í máli þessu, þar sem ákærði hafði neitað sök, og sakfelling varð einungis reist á skýrslum annarra, var nauðsyn-
legt, að þeir yrðu kvaddir fyrir dóm í þessu máli, ef kostur var, í því skyni, að spurningar yrðu lagðar fyrir þá, sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976, svo og 4. mgr. 134. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem þetta var eigi gert, þótt þess væri óskað af hálfu ákærða, þykir sakfelling gegn neitun ákærða eigi verða reist á skýrslum þeim, sem raktar eru í hinum áfrýjaða dómi undir liðum nr. 3—6, og ber að sýkna ákærða að því leyti. Með áðurnefndum framburði ákærða um, að hann hefði farið með Hermanní Ólasyni til Hollands og keypt það 200 g af hassi, sem síðan hefðu verið seld í Gautaborg, verður hins vegar að telja, að hann hafi játað brot það, sem um ræðir í 2. ákærulið, þótt hann hefði fyrr í þinghaldinu neitað sakargiftum samkvæmt þeim lið. Ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um ákærulið 2.

III. Ákæruliðir 7 og 8.

Sakarefni þau, sem um ræðir í þessum liðum, játaði ákærði ský-
laust í þinghaldi í borgardómi Kaupmannahafnar 2. apríl 1979 að viðstöddum verjanda. Er játning þessi studd ýmsum skýrslum, svo sem lýst er í héraðsdómi. Fjárfúlgur þær, fíkniefni og áhöld, sem fundust í húsnaði ákærða í Hotel 5 Svaner 3. mars 1979, benda einnig til mikilla viðskipta með fíkniefni. Ákærði hefur við meðferð máls þessa neitað sakargiftum þessum að mestu leyti og afturkallað fyrri játningu. Eigi þykir sú afturköllun studd neinum haldbærum rökum. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, sem ákæruliðir 7 og 8 lúta að.

Samkvæmt því, sem að framan segir, verður ákærði sýknaður af 3.—6. ákærulið, en niðurstaða héraðsdóms um aðra ákæruliði staðfest. Brot ákærða falla öll umdir verknaðarlýsingu 2., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. reglugerð nr. 390/1974, 2., sbr. 10. gr., og auglýsingu nr. 425/1974. Þau voru fólgin í kaupum á mjög miklu magni fíkniefna og sölu þess til margra manna. Meðal efnisins var kókaín. Þykir eiga að refska ákærða fyrir brotastarfsemi þessa í heild samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr.

Ákærði framdi brot sín erlendis, en verður refsað hér á landi samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 5. gr. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að gæta 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði framdi brot sín í félagi við aðra. Þá ber að líta til fyrri brotaferils ákærða, sem áður hafði sætt refsisdómum sem hér segir:

- 21. maí 1971 30 daga varðhald fyrir nytjastuld o. fl.
- 1. okt. 1971 30 daga varðhald fyrir sams konar brot.
- 29. mars 1974 15 daga varðhald fyrir ölvunarakstur.
- 30. sept. 1975 60 daga fangelsi fyrir skjalafals.
- 12. nóv. 1975 30 daga fangelsi fyrir sams konar brot.
- 24. febr. 1976 3 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals o. fl.
- 2. mars 1977 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals o. fl.
- 3. júní 1977 sakfelldur fyrir fjársvik og þjófnað, en refsing ekki dæmd.
- 5. júlí 1977 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 2. nóvember 1977 4 mánaða fangelsi fyrir fjársvik o. fl.
- 14. febr. 1978 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 27. sept. 1979 sakfelldur fyrir nytjastuld og ölvunarakstur, en refsing ekki dæmd.

Auk þess hefur ákærði 12 sinnum sæst á greiðslu sekta, þar af einu sinni fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 (19. nóv. 1974, 5.000 króna sekt).

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Einnig þykir rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sektarrefs-

ingu, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsing 20 daga fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fram hér fyrir dómi, var húsleit gerð í herbergjum ákærða og Sigríðar Brynju Pétursdóttir í Hotel 5 Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979, og var þar lagt hald á fíkniefni, áhöld ýmiss konar og peninga, og er þetta allt enn varðveitt hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn. Fram er komið, að meðal þess, er hald var lagt á, er allt það, sem krafist er upptöku á í máli þessu, þó þannig, að gögnin sýna eigi, að um hafi verið að ræða nema 14.5 g af hassi. Með þeirri athugasemd ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði verður dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Hann greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 178 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku eru óröskuð, þó svo, að upptækt hass er 14.5 g að þyngd.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 15.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

2002

S é r a t k v æ ð i

Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara um annað en refsivist ákærða. Ég tel hana hæfilega ákveðna 2 ára fangelsi.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu um annað en fangelsisrefsingu. Með tilliti til þess, hversu hættuleg eiturlyf er um að ræða að hluta og gróðasjónarmiða, sem liggja að baki öflun þeirra og dreifingu, tel ég fangelsisrefsingu ákærða hæfilega ákveðna 3 ár.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 17. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta og þá kveðinn upp dómur þessi.

Málið var höfðað á hendur Sigurði Þór Sigurðssyni með ákæru, útgefinni 8. mars 1982, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni, talin framin frá miðjum júlí 1978 fram til 3. mars 1979, er ákærði var handtekinn í Kaupmannahöfn, „margsinnis aflað sér fíkniefna í Hollandi og Danmörku og síðan selt efnin, að undanskilinni eigin neyslu, einkum í Svíþjóð og Danmörku, til margra manna gegn verulegu gjaldi og haft af því fjárhagslegan ávinning, svo sem hér á eftir verður nánar rakið:

1.

Seinni hluta júlímánaðar keypt í Kaupmannahöfn í félagi við Halldór Lárus Pétursson um 300 grömm af hassi á 17—18 krónur danskar hvert gramm og flutt síðan efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 7.000.- sænskar krónur.

2.

Nærri mánaðamótum júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt 200 grömm af hassi í Hollandi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 7.000.- sænskum krónum.

3.

Um mánaðamótin júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt

í Hollandi 450 grömm af hassi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 11.000.- sænskum krónum.

4.

Fyrri hluta ágústmánaðar í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 1 kg af hassi, flutt það fyrst til Danmerkur og síðan mestan hluta þess til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi efnið, mestmegnis í Gautaborg, ótilgreindum mönnum, fyrir samtals allt að 19.000.- sænskum krónum.

5.

Um miðjan ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 2.2 kg af hassi, flutt það til Danmerkur og selt mestan hluta þess í Kaupmannahöfn ótilgreindum mönnum, en óupplýst um heildarsöluverð efnisins.

6.

Nærri mánaðamótum ágúst/september í félagi við nefndan Halldór Lárus og Árna Hrafnsson keypt í Hollandi 4 kg af hassi, flutt efnið fyrst til Danmerkur og síðan til Svíþjóðar, þar sem þeir seldu hluta efnisins, einkum í Gautaborg og Málmey, til ótilgreindra manna, og skipt með sér því efnismagni, sem þá var ekki selt, en ekki nýtur við upplýsinga um, með hvaða hætti ákærði ráðstafaði þeim hluta efnisins, sem í hans hlut kom.

7.

Í október og nóvember í félagi við Franklín Kristin Steiner tvívegis tekið við í Kaupmannahöfn frá ungverskum manni, George Nagy, í hvort skiptið um 7 kg af hassi, sem þeir fluttu til Svíþjóðar og seldu það ótilgreindum mönnum, í fyrra skiptið fyrir samtals 160.000.- sænskar krónur og í síðara skiptið fyrir 170.000.- sænskar krónur, en af þeim fjárhæðum gengu 83.000.- sænskar krónur til nefnds Nagy í hvort skiptið.

8.

Í lok janúar og febrúarmánuði í félagi við Franklín Kristin Steiner tekið við í Kaupmannahöfn frá nefndum George Nagy samtals 180 grömmum af kókaíni, sem þeir blönduðu svo til helminga með þrúgusykri, og af því magni selt síðan 130 grömm til ýmissa ótilgreindra manna þar í borg fyrir samtals allt að 220.000.- dönskum krónum.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess enn fremur krafist, að upptækt verði gert samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 69. gr. almennra hegningarlaga eftirgreint magn fíkniefna svo og áhöld og fjármunir, sem fundust við leit í herbergi því, sem ákærði hafði á hótél „De fem Svaner“ í Kaupmannahöfn þann 3. mars 1979: 18.5 grömm af kókaíni, 30.5 grömm af hassi, 0.5 grömm af amfetamíni, 1 kókaínsskeið, 3 vísavogir, 2 fjaðravogir, askja með lóðum, 6 hasspípur, 139.900 danskar krónur, 79.500.00 sænskar krónur og 20.000.00 norskar krónur.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði, útgefnu 8. nóvember 1982, sætt fjölmörgum kærum og refsingum, sem þó þykja ekki skipta máli hér. Síðasta refsing, er ákærða var gerð, var 4 mánaða fangelsi samkvæmt dómi, uppkveðnum 2. nóvember 1977.

Ákærða var birt ákæra í málinu 9. september 1982, og var málið þingfest sama dag. Munnlegur flutningur fór fram 11. nóvember 1982, og var málið dómtekið sama dag.

Við munnlegan flutning málsins ítrekaði sækjandi kröfur, er fram koma í ákæruskjali.

Verjandi ákærða gerði eftirfarandi dómkröfur:

Að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, er um getur í ákæruskjali, að undanskyldu sakarefni í ákærulið I. Verjandi gerði kröfu til þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða í Danmörku kæmi til frádráttar dæmdri refsingu í máli þessu, ef dæmd yrði. Þá krafðist verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málið var flutt að nýju 9. desember 1982, og gerðu sækjandi og verjandi sömu dómkröfur og áður var lýst. Málið var dómtekið sama dag.

Málsatvik.

Ákæruliður 1.

„Seinni hluta júlímánaðar keypt í Kaupmannahöfn í félagi við Halldór Lárus Pétursson um 300 grömm af hassi á 17—18 krónur danskar hvert gramm og flutt síðan efnið til Svíþjóðar og selt það ótilgreindu fólki í Gautaborg fyrir um 7.000.- sænskar krónur.“

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 18. febrúar sl., og kvað hann sig ásamt Halldóri Lárusi Péturssyni hafa aflað sér 300 gramma af hassi af sér óþekktum aðilja í Kristjaníu og hafi þeir síðan í sameiningu selt 50—100 grömm af efninu sér ókunnum aðiljum í Gautaborg.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 9. september sl. um ofangreint sakarefni eftir útgáfu ákæru. Kvað ákærði efnismagn hafa verið milli 200 og 300 grömm, en atvikum að öðru leyti rétt lýst í þessum ákærulið.

Halldór Lárus Pétursson var yfirheyrður fyrir dómi 6. nóvember 1978.

Halldór kvað ákærða hafa komið til Kaupmannahafnar um miðjan júlí 1978 og með ákærða hafi verið eiginkona hans, Sigríður Brynja Pétursdóttir, sem er systir Halldórs Lárusar. Halldór Lárus kvað ákærða hafa spurt sig, hvort hann væri reiðubúinn að fara með hass til Svíþjóðar og selja þar, ef hann, ákærði, keypti efnið. Halldór Lárus kvaðst hafa fallist á ofangreinda málaleitan ákærða. Halldór Lárus kvaðst síðar hafa móttekið fé frá ákærða og keypt hass fyrir það í Kristjaníu ásamt Hermanni Ólasyni, og komu í hlut ákærða um 250 grömm af hassi. Hvert gramm efnis kostaði að sögn Halldórs Lárusar um 17 til 18 danskar krónur. Efnið var síðan flutt til Gautaborgar og selt þar, og söluandvirðið nam að sögn Halldórs 6.000 til 7.000 sænskum krónum. Halldór kvaðst síðan hafa afhent ákærða féð að lokinni söluferðinni, sem tók að sögn u. þ. b. eina viku.

Halldór Lárus bar hjá lögreglu 19. október 1978, að söluferð sú, sem að ofan var rakin, hafi tekið u. þ. b. eina viku, og var efnið selt í almenningsgarði í Gautaborg.

Sigríður Brynja Pétursdóttir var yfirheyrð sem vitni hér fyrir dómi 29. september 1978. Lýsti hún þá umfangsmiklum fíkniefnaviðskiptum nokkurra Íslendinga í Kaupmannahöfn og víðar, og var einn slíkra eiginmaður Sigríðar, ákærði í máli þessu. Sigríður Brynja kvaðst hafa haldið til Gautaborgar síðari hluta júlímánaðar 1978 með Halldóri Lárusi og ákærða og þar orðið vitni að 200 gramm hasssölu, en ekki er ljóst, hver seldi.

Sigríður Brynja var yfirheyrð fyrir dómi í Kaupmannahöfn 19. mars 1979 sem vitni, og kvaðst hún þá hafa haldið til Gautaborgar skömmu eftir komu sína og ákærða til Kaupmannahafnar um miðjan júlí 1978. Í þeirri för voru Halldór Lárus og ákærði, og höfðu þeir meðferðis að sögn Sigríðar 600—800 grömm af hassi, sem þeir höfðu áður keypt fyrir um 4.000 danskar krónur í Kristjaníu. Sigríður kvaðst ekki vita, hvort allt efnið var selt, þar sem hún hélt til Íslands skömmu síðar.

Árni Hrafnsson bar fyrir dómi 29. október 1978 að hafa tekið á móti ákærða og konu hans á flugvelli í Kaupmannahöfn 14. júlí 1978. Árni kvað ákærða u. þ. b. þremur dögum síðar hafa haldið frá Kaupmannahöfn til Gautaborgar og hafi verið farið með 200 grömm af hassi til að selja í Gautaborg. Með ákærða fóru Sigríður Brynja, kona hans, og Halldór Lárus Pétursson.

Ákæruliður 2.

„Nærri mánaðamótum júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt 200 grömm af hassi í Hollandi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 7.000.- sænskum krónum.“

Hermann Ólason bar um þessa meintu ferð ákærða fyrir dómi 11. nóv. 1978. Hermann kvaðst hafa haldið með ákærða til Amsterdam í bifreið og hafi ákærði þar í borg keypt 200 grömm af Pakistanhassi. Efnid var flutt til Gautaborgar og þar selt, og kvaðst Hermann hafa fengið í sinn hlut 1.000.00 sænskar krónur fyrir ferðina.

Hermann Ólason hafði áður, eða 5. nóvember, greint frá þessari meintu ferð við lögregluyfirheyrslu. Bar Hermann þar á sama veg og rakið var, en taldi ferðina hafa verið farna fyrri hluta júlímánaðar 1978.

Halldór Lárus Pétursson bar hér fyrir dómi 6. nóvember 1978, að í lok júlí s. á. hafi ákærði ásamt Hermanní Ólasyni haldið með lest til Amsterdam. Halldór kvað ákærða hafa haft til ráðstöfunar um 2.700 danskar krónur og fyrir það fé hafi ákærði keypt um 200 grömm af svokölluðu svörtu Pakistanhassi, en Halldór kvaðst ekki vita, hve mikið efni Hermann keypti. Halldór kvað ákærða hafa flutt efnið til Gautaborgar, og þar kvaðst Halldór Lárus hafa tekið þátt í sölu efnisins með ákærða og hafi söluandvirðið numið 6.000—7.000 sænskum krónum. Halldór kvað ákærða hafa kostað uppihald í ferðinni og þá hafi ákærði lagt sér til fíkniefni til eigin nota. Að sölu lokinni var haldið til Kaupmannahafnar.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 19. október 1978 kvað Halldór hafa tekið sig og ákærða um þrjá daga að selja efnið í Gautaborg í sama almenningsgarði og getið var um í ákærulið 1 að framan.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. sept. sl. og kvaðst ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 3.

„Um mánaðamótin júlí/ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 450 grömm af hassi, flutt efnið til Svíþjóðar og selt það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 11.000 sænskum krónum.“

Hermann Ólafson bar um þessa meintu ferð hér fyrir dómi 11. nóvember 1978. Kvað hann hafa verið haldið til Amsterdam 4. ágúst s. á. Í ferðinni voru að sögn Hermanns auk hans sjálfs ákærði og Róbert Rósmann Guðjónsson. Hermann kvaðst sjálfur hafa keypt 290 grömm af hassi, en ákærði og Róbert Rósmann hafi keypt liðlega 1.5 kíló af Pakistanhassi. Hermann kvað efnið síðan hafa verið flutt til Gautaborgar og selt þar.

Halldór Lárus Pétursson bar hér fyrir dómi 6. nóvember 1978 að hafa stuttu eftir för, er rakin var í ákærulið 2, haldið áleiðis til Amsterdam ásamt ákærða og Hermanní Ólasyni og Róbert Rósmann Guðjónssyni. Erindið var að kaupa hass í Amsterdam. Halldór kvað sig ekki hafa komist til Amsterdam, þar sem hann hafi gleymt vegabréfi sínu í Kristjaníu. Halldór kvaðst hafa beðið í Kristjaníu eftir þangað komu ákærða og félaga frá Amsterdam, og kvað Halldór ákærða hafa komið með úr ferðinni

400—500 grömm af svokölluðu Pakistanhassi. Halldór kvaðst hafa flutt efnið til Gautaborgar ásamt ákærða og þar hafi þeir selt efnið í sameiningu og söluandvirðið numið um 10.000—11.000 sænskum krónum. Fluttu þeir síðan féð með sér til Kaupmannahafnar.

Halldór Lárus hafði áður greint frá meintri ferð, er um er getið í þessum ákærulið, hjá lögreglu 19. október s. á. og kvað ferðina hafa tekið u. þ. b. eina viku. Var framburður Halldórs hjá lögreglu efnislega á sama veg og hér fyrir dómi.

Sigurður Rafn Jóhannsson var yfirheyrður fyrir dómi 5. nóvember 1978.

Af framburði Sigurðar má ráða, að hann segir ákærða ásamt Hermanni Ólasyni og Róbert Rósmann Guðjónssyni nærri mánaðamótum júlí/ágúst 1978 hafa haldið til hasskaupa til Amsterdam. Sigurður kvað ákærða hafa keypt þar 1 kíló af hassi. Síðan kvað Sigurður áðurgreinda þrjá aðilja hafa haldið með efnið til Gautaborgar frá Kaupmannahöfn. Þá kvað Sigurður sig hafa slegist í förina auk Halldórs Lárusar Péturssonar, sem fylgdi ákærða og seldi með honum efnið. Sigurður Rafn kvaðst hafa slegist í för með Hermanni Ólasyni og Róbert Rósmann Guðjónssyni og hafi þeir farið frá Gautaborg til Stokkhólms og síðan aftur til Gautaborgar á leið til Kaupmannahafnar og ferðin öll, þ. e. innkaupin í Amsterdam og söluferðin til Svíþjóðar, tekið alls um fjóra daga.

Róbert Rósmann Guðjónsson var yfirheyrður hér fyrir dómi 17. febrúar 1979. Lýsti Róbert þá ferð sinni til Amsterdam í lok júlí 1978 og hafi verið með í þeirri ferð ákærði og Hermann Ólason. Róbert kvað hafa verið keypt um 2.5 kíló af hassi í Amsterdam. Efnið var síðan flutt til Svíþjóðar að sögn Róberts og selt þar, aðallega í Gautaborg.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. sept. sl., og kvaðst hann ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 4.

„Fyrri hluta ágústmánaðar í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 1 kg af hassi, flutt það fyrst til Danmerkur og síðan mestan hluta þess til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi efnið, mestmegnis í Gautaborg, ótilgreindum mönnum, fyrir samtals allt að 19.000.- sænskum krónum.“

Hermann Ólason bar um þessa meintu ferð hér fyrir dómi í þinghaldi 11. nóvember 1978. Kvað Hermann hafa verið farið í þessa ferð strax og sölu efna úr næstu ferð á undan lauk, sbr. ákærulið 3. Hermann kvað auk sín hafa verið í ferðinni þá Sigurð Rafn Jóhannsson, Halldór Lárus Pétursson og ákærða. Hermann kvaðst hafa keypt í Amsterdam 0.5 kíló af MPL Pakistanhassi. Ekki kvaðst Hermann vita um efnismagn, er ákærði og Halldór Lárus keyptu, en vita þó, að þeir keyptu hass. Kvað Hermann

leiðir sínar og Sigurðar Rafns annars vegar og ákærað og Halldórs Lárusar hins vegar hafa skilið í þessari ferð.

Áður, eða í lögregluskýrslu 5. nóvember, hafði Hermann borið efnislega á sama veg og að ofan var rakið. Kvað Hermann ákærða og Halldór Lárus hafa verið búna að kaupa um 1.5 kíló af hassi kvöld eitt í Amsterdam. Í þessari lögreglufirheyrslu skýrði Hermann frá ósamkomulagi milli sín og ákærða, en fleiri aðiljar viðriðnir mál þetta hafa borið á sama veg um ósamkomulag ákærða og Hermanns.

Halldór Lárus Pétursson lýsti í þinghaldi 6. nóvember 1978 meintri ferð, er hér um ræðir.

Kvað Halldór Lárus, að nokkrum dögum eftir komu til Kaupmannahafnar úr för, sbr. ákærulið 3, hafa verið haldið á bílaleigubifreið til Amsterdam og enn til hasskaupa. Í förinni voru að sögn Halldórs auk hans sjálfs Hermann Ólason, Sigurður Rafn Jóhannsson og ákærði. Halldór kvaðst hafa keypt 1 kíló af svokölluðu Pakistanhassi í Amsterdam ásamt ákærða. Efnid kvað Halldór hafa verið keypt fyrir andvirði sölu efna úr ákærulið 3. Vegna ósamkomulags ákærða og Hermanns Ólasonar kvað Halldór leiðir hafa skilist og hafi hann ásamt ákærða haldið með lest til Kaupmannahafnar með hassið. Halldór kvað sig ásamt ákærða hafa notað og selt á leiðinni til Kaupmannahafnar 100 til 150 grömm af efninu. Halldór kvað ákærða hafa haldið einan með efnid til Svíþjóðar og selt efnid þar og komið með til baka um 19.000 sænskar krónur sem söluandvirði.

Áður, eða í lögregluskýrslu 20. október 1978, hafði Halldór borið um ofangreinda meinta för ákærða o. fl. aðilja.

Sigurður Rafn Jóhannsson bar fyrir dómi 5. nóvember 1978 að hafa haldið til Amsterdam fyrstu vikuna í ágúst 1978 ásamt ákærða, Hermann Ólasyni og Halldóri Lárusi Péturssyni. Í Amsterdam var keypt verulegt magn af hassi, og kvað Sigurður Rafn ákærða hafa keypt 1.5 kíló af hassi í ferðinni. Sigurður Rafn kvað deilur hafa komið upp milli ákærða og Hermanns Ólasonar og þá hafi hópurinn skipst og ákærði og Halldór Lárus haldið til Kaupmannahafnar.

Árni Hrafnsson bar fyrir dómi 29. okt. 1978, að hann vissi til þess, að Hermann Ólason og Sigurður Rafn Jóhannsson hafi haldið til Gautaborgar síðari hluta júlímánaðar 1978 og haft í fórum sínum 1 kg af hassi. Eftir sölu hassefnanna í Svíþjóð kvað Árni Hermann Ólason hafa haldið til Amsterdam til frekari hasskaupa. Með í þá för slóust ákærði, Halldór Lárus Pétursson og Sigurður Rafn Jóhannsson. Árni taldi, að keypt hefðu verið 2 kíló af hassi í Amsterdam og hefði ákærði og Halldór Lárus átt þar af 1 kíló. Árni kvað ákærða hafa haldið á undan Hermann til Gautaborgar með sinn efnishlut. Ástæðu þess kvað Árni hafa verið deilur, er upp komu milli ákærða og Hermanns Ólasonar.

Árni kvaðst síðan hafa hitt Hermann Ólason í Kaupmannahöfn eftir þangað komu Hermanns frá Amsterdam. Árni kvað sig hafa að ósk Hermanns flutt 1 kíló af hassi með ferju frá Kaupmannahöfn til Gautaborgar. Þar í borg kvaðst Árni hafa hitt ákærða og orðið honum samferða til Kaupmannahafnar, en ákærði hafði að sögn Árna keypt bifreið af Audi gerð í Svíþjóð ásamt Guðmundi Einarssyni. Árni kvað ákærða hafa átt 16.000 sænskar krónur við komu til Kaupmannahafnar 12.—14. ágúst 1978.

Ákærði var yfirheyrdur hér fyrir dómi 9. september sl. Ákærði kvaðst ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 5.

„Um miðjan ágúst í félagi við nefndan Halldór Lárus keypt í Hollandi 2.2 kg af hassi, flutt það til Danmerkur og selt mestan hluta þess í Kaupmannahöfn ótilgreindum mönnum, en óupplýst um heildarsöluverð efnisins.“

Halldór Lárus Pétursson bar um ofangreinda meinta för ákærða og fleiri aðilja fyrir dómi 6. nóvember 1978.

Halldór Lárus kvaðst tveimur til þremur dögum eftir komu ákærða til Kaupmannahafnar úr söluferð, sbr. ákærulið 4, hafa haldið í enn eina ferðina til Amsterdam til hasskaupa. Í ferðinni voru auk Halldórs Guðmundur Einarsson og Gígja Geirsdóttir. Halldór kvað ferðina hafa verið farna á bifreið, er ákærði og Guðmundur Einarsson greiddu með hassi. Halldór kvað hafa verið keypt í Amsterdam 4.4 kíló af Pakistanhassi og hafi ákærði lagt fram fé til kaupa á 2.2 kílóum. Var haldið með hassið til Kaupmannahafnar, og þar kvaðst Halldór hafa afhent ákærða efnið, sem síðan var að mestu selt af ákærða í Kristjáníu, þó kvaðst Halldór hafa aðstoðað ákærða eitthvað við sölu. Halldór Lárus staðfesti fyrir dómi 23. maí 1979, að Árni Hrafnsson hefði lagt fé til farar þeirrar, er hér um ræðir, og fengið í hlut 100 grömm af hassi.

Árni Hrafnsson bar fyrir dómi 29. október 1978, að sama dag og hann kom til Kaupmannahafnar frá Svíþjóð ásamt ákærða, þ. e. 12.—14. ágúst 1978, hafi Guðmundur Einarsson og kona hans, Gígja Geirsdóttir, haldið til hasskaupa í Amsterdam og í för með þeim verið Halldór Lárus Pétursson, er var með fé, er ákærði hafði lagt fram, sem var ágóði vegna sölu, er um getur í ákærulið 4. Árni kvaðst hafa lagt til fararinnar 1.000 sænskar krónur og fengið í sinn hlut 100 grömm af hassi, sem voru seld í Kristjáníu, og þar seldi á sama tíma Halldór Lárus Pétursson 400 grömm að sögn Árna og ákærði seldi 1.5 kíló í Kaupmannahöfn. Árni kvað hafa verið keypt 4 kíló af hassi í Amsterdamför þeirri, er hér um getur.

Guðmundur Einarsson var yfirheyrdur hér fyrir dómi 21. maí 1980. Lýsti Guðmundur þá ferð sinni til Amsterdam í ágúst 1978. Guðmundur kvað

auk eiginkonu sinnar, Gígju Geirsdóttur, hafa verið með í ferðinni Halldór Lárus Pétursson. Kvað Guðmundur hafa verið keypt 4 kíló af hassi í Amsterdam, og átti Halldór Lárus helming efnisins að sögn Guðmundar. Efnid var flutt til Kaupmannahafnar og selt þar.

Ekki hefur reynst unnt að yfirheyra Gígju Geirsdóttur vegna háttsemi, er um getur í þessum ákærulið, þar sem hún hefur dvalið langdvölum erlendis.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. september sl. Ákærði kvaðst ekki kannast við neitt það, er honum er gefið að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 6.

„Nærri mánaðamótum ágúst/september í félagi við nefndan Halldór Lárus og Árna Hrafnsson keypt í Hollandi 4 kg af hassi, flutt efnið fyrst til Danmerkur og síðan til Svíþjóðar, þar sem þeir seldu hluta efnisins, einkum í Gautaborg og Málmey, til ótilgreindra manna, og skipt með sér því efnismagni, sem þá var ekki selt, en ekki nýtur við upplýsinga um, með hvaða hætti ákærði ráðstafaði þeim hluta efnisins, sem í hans hlut kom.“

Árni Hrafnsson var yfirheyrður fyrir dómi 29. október 1978 og greindi þá frá ferð sinni og ákærða til Hollands í lok ágúst 1978.

Árni kvað hafa verið lagt upp í ferðina frá Kaupmannahöfn 25.—27. ágúst 1978. Kvað Árni ákærða haf átt bróðurpart þeirra efna, er keypt voru, og hafi ákærði við upphaf ferðarinnar haft undir höndum nærri 34.000 dönskum krónum fyrir sínum hlut og hlut Halldórs Lárusar. Árni kvað sig hafa lagt fram 2.000 danskar krónur, og var öllu áðurgreindu fé skipt í Rotterdam að sögn Árna og fengust fyrir u. þ. b. 13.000 hollensk gyllini, og var keypt hass fyrir 12.000 hollensk gyllini í Rotterdam, og fengust fyrir það 4 kíló af s. n. Pakistanhassi í 150—160 gramma plötum og í 600 gramma búntum. Nú var haldið með lest til Kaupmannahafnar með efnið að sögn Árna. Síðan var haldið til Gautaborgar, og þar kvað Árni ákærða og Halldór Lárus hafa selt fast að 2.5 kílóum af sínum efnishlut, og Árni kvaðst þar hafa selt sinn hluta efnisins, eða 130 grömm. Árni kvað sig ásamt ákærða og Halldóri Lárusi hafa komið til Malmö líklega 3. september 1978 og hlýtt þar á tónleika þann 5. september. Daginn eftir kvað Árni hafa verið eftir af efninu u. þ. b. 1.3 kíló og hafi ákærði og Halldór Lárus deilt um efnið og ákærði síðan haldið til Kaupmannahafnar á ný.

Um þessa meintu ferð ákærða Árna Hrafnssonar og Halldórs Lárusar Péturssonar bar sá síðastnefndi hér fyrir dómi 6. nóvember 1978.

Halldór Lárus kvaðst hafa komið að máli við Árna Hrafnsson fáum dögum eftir að sölu hassefna úr ákærulið 5 lauk. Halldór Lárus kvaðst þá hafa boðið Árna að fara með ákærða í hasskaupaferð til Amsterdam, en Árni hafði áður lýst slíkum áhuga sínum.

Halldór kvað Árna og ákærða síðan hafa haldið með lest til Amsterdam og komið með 4 kiló af Pakistanhassi til baka til Kaupmannahafnar. Halldór kvað sig hafa verið eiganda efnisins að $\frac{1}{3}$ hluta, en afgang verið eign ákærða. Halldór kvað hafa svo um samist milli sín og ákærða, eftir að Sigríður Brynja hélt til Íslands eftir sölu efna úr ákærulið 1, að ákærði skyldi teljast eiga $\frac{2}{3}$ hluta þeirra efna, er þeir stóðu sameiginlega að, og Halldór $\frac{1}{3}$ hluta. Halldór kvað sig þá hafa haldið með efnið til Gautaborgar ásamt ákærða og Árna Hrafnssyni. Salan í Gautaborg gekk illa að sögn Halldórs, og var þá haldið til Malmö á tónleika þann 5. september 1978, en salan þar einnig gengið illa. Halldór kvaðst hafa lent í útistöðum við ákærða um þetta leyti og hafi þá leiðir þeirra skilið. Halldór kvað ákærða hafa afhent sér 1.2 kiló af hassinu til að selja í Svíþjóð. Halldór kvaðst hafa hitt í Malmö þá Pétur Blöndal Gíslason og Kristján Aðalsteinsson. Að sögn Halldórs óku ofangreindir aðiljar honum og Árna Hrafnssyni til Gautaborgar, en sala gekk þar illa, svo sem getið var, og var þá haldið til Osló og reynt að selja hassið þar í borg, en gekk illa. Halldór kvað alla ofangreinda aðilja hafa aðstoðað sig við sölu efna, þó hafi Pétur Blöndal ekki selt í Osló.

Kristján Aðalsteinsson hefur borið efnislega á sama veg og Halldór Larús Pétursson um að hafa hitt Halldór í Malmö á ofangreindum tíma svo og um það, er á eftir gekk. Eru framburðir Kristjáns hjá lögreglu frá 25. október 1978 og fyrir dómi sama dag.

Pétur Blöndal Gíslason hefur á sama hátt og Kristján Aðalsteinsson borið efnislega á sama veg og Halldór Lárus varðandi ofangreint. Er framburður Péturs hér fyrir dómi frá 28. október 1978.

Er ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. sept. sl., kvaðst ákærði þá ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður 7 og 8.

„Í október og nóvember í félagi við Franklín Kristín Steiner tvívegis tekið við í Kaupmannahöfn frá ungverskum manni, George Nagy, í hvort skiptið um 7 kg af hassi, sem þeir fluttu til Svíþjóðar og seldu það ótilgreindum mönnum, í fyrra skiptið fyrir samtals 160.000.- sænskar krónur og í það síðara 170.000.- sænskar krónur, en af þeim fjárhæðum gengu 83.000.- sænskar krónur til nefnds Nagy í hvort skiptið.

Í lok janúar og febrúarmánuði í félagi við Franklín Kristín Steiner tekið við í Kaupmannahöfn frá nefndum George Nagy samtals 180 grömmum af kókaíni, sem þeir blönduðu síðan til helminga með þrúgusykri, og af því magni selt síðan 130 grömm til ýmissa ótilgreindra manna þar í borg fyrir samtals allt að 220.000.- dönskum krónum.“

Hér á eftir verður jöfnum höndum fjallað um ákæruliði 7 og 8 og þá

vikið að framburðum ákærða o. fl. aðilja hjá lögreglu og fyrir dómi í Danmörku.

Vegna meintrar samvinnu ákærða og Franklins Kristins Steiner við framningu meintra brota í nefndum ákæruliðum þykir nauðsynlegt að rekja nokkuð meðferð máls ákærða og Franklins fyrir dómstólum í Danmörku, og í því sambandi þykir hagfelldara samhengisins vegna að taka hluta einstakra framburða orðrétt upp í dóm þennan.

Ákærði var yfirheyrdur hjá rannsóknarlögreglunni í Kaupmannahöfn 26. mars 1979 vegna háttsemi þeirrar, er honum er hér gefin að sök. Í nefndri lögregluskýrslu er svo bókað eftir ákærða um ofangreinda meinta háttsemi:

„Einhvern tímann í október 1978 hafði mætti hitt Steiner á heimili hans Ulsóparken, en Steiner hafði áður sagt frá því, að þar þekkti hann mann, sem væri reiðubúinn til að láta þá fá hass í umboðssölu. Þeir höfðu orðið ásáttir um að taka slíku tilboði. Nokkrum dögum síðar óku mætti og Steiner í bíl mætta að Gråbrødretorgi, þar sem Steiner fór úr bílnum til þess að ná í umrætt hass.

Mætti fékk síðar upplýsingar um það, að hassið var sótt til „CHRIS.“ Það skal tekið fram hér, að CHRIS — sem er sá sami og George Nagy, hefur búið í Klosterstrædet nálægt Gråbrødretorgi.

Sem fyrr greinir fór Steiner úr bílnum, en mætti beið. Stuttu síðar kom Steiner aftur og hafði þá meðferðis milli 2 og 3 kg af hassi. Hassið var það léglegt að gæðum, að þeim tókst ekki að selja það hér í Kaupmannahöfn. Steiner hafði skýrt „CHRIS“ frá því, að þeir gætu ekki selt þetta lélega hass. Steiner hafði fengið 3—4 kg af hassi til viðbótar, og ákveðið hafði verið, að mætti og Steiner færu til Svíþjóðar, þar sem þeir áttu að selja allt hassið, milli 7 og 8 kíló.

Eins og ákveðið hafði verið, óku mætti og Steiner í bíl mætta til Svíþjóðar, þar sem þeir seldu hassið að hluta í Gautaborg og að hluta í Stokkhólmi. Fyrir hasssöluna fengu þeir 160.000 s. kr.

Þegar hassið hafði verið selt, fóru þeir aftur til Danmerkur og gerðu upp við „Chris“, sem fékk u. þ. b. 83.000 s. kr., sem var reiknað á að giska 100.000 danskar krónur. Mætti og Steiner skiptu því, sem eftir var, þ. e. a. s. um það bil 40.000 s. kr. komu í hlut hvors.

Því næst fengu þeir 7 kg af hassi til viðbótar, að þessu sinni betra að gæðum og var svart. Þetta hass var eins og hið fyrra líka selt í Gautaborg og í Stokkhólmi. Að þessu sinni höfðu þeir þó ekið í bíl, er tekinn var á leigu, þar sem bíll mætta var gamall og dálítið að honum. Við hasssöluna höfðu þeir hagnast um u. þ. b. 170.000 sænskar krónur.

Er þeir komu aftur til Danmerkur, gerðu þeir upp við „Chris“ eins og í fyrra skiptið, og hann fékk í sinn hlut sem næst 83.000 s. kr. eins og áður.“

Ákærði kvaðst að lokinni síðari sölufærðinni hafa haldið til Mexicó ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Brynju Pétursdóttur. Ákærði kvaðst hafa haldið þangað 15.—16. desember 1978 og komið til baka til Kaupmannahafnar líklega 25.—26. janúar 1979.

Ákærði kvaðst hafa falið í herbergi sínu á hótelinu De fem Svaner u. þ. b. 40.000 krónur í danskri og sænskri mynt. Ákærði kvaðst hafa samið svo við Franklín Kristin Steiner, að hann héldi til Amsterdam ásamt „Chris“ (George Nagy), á meðan ákærði dveldi í Mexico. Ákærði kvaðst í þessu sambandi hafa sýnt Franklín 10.000 danskar krónur, er hann skyldi kaupa hass fyrir í Amsterdam. Í þessu skyni kvaðst ákærði hafa látið Franklín hafa lykil að herbergi sínu á De fem Svaner, en ákærði kvaðst hafa flutt í greint herbergi í október 1978. Ákærði kvaðst hafa frétt eftir komu frá Mexico, að ekkert hafi orðið úr fyrirhugaðri Amsterdamför.

Enn var í áðurnefndri yfirheyrslu bókað eftir ákærða:

„Eftir heimkomu mætta frá Mexico í lok janúar 1979 fóru þeir að selja kókaín fyrir Chris, sem hafði sagt þeim, að hann hefði 180 g af kókaíni í vörslum sínum á herbergi nr. 329 á hótelinu „De fem Svaner“.

Ákveðið var, að mætti og Steiner fengju 50 g, sem þeir ættu að selja. Chris vildi haga uppgjöri þannig, að hann fengi 550 kr. fyrir hvert gramm. Þetta fannst mætta og Steiner nokkuð hátt, og mætta flaug þá í hug, að í bandarísku blaði, sem heitir „High Times“, hefði hann lesið, að hægt væri að blanda efnum út í kókaín. Þetta efni væri auðvelt að kaupa í hvaða lyfjaverslun sem er. Efnið, sem mætti man ekki, hvað heitir, var síðan keypt í lyfjaverslun, en hann man ekki, hver keypti það. Hann skýrði frá því, að það hefði fundist í herbergi hans við húsleitina, og vísað er til muna nr. 77.

Þegar mætti og Steiner höfðu keypt efnið, blönduðu þeir því við 50 g af kókaíni, sem þeir fengu hjá Chris, og fengu þannig 100 g af góðu kókaíni, sem þeir pökkuðu í litlar pakkningar með einu eða tveimur grömmum í. Því næst voru þessi bréf seld, aðallega í Christianíu, og þeir fengu greiðslur, 600—700 kr. fyrir grammið. Þeir gerðu síðan upp við Chris, sem fékk greiddar kr. 27.500.

Síðan fengu þeir aftur 150 g af kókaíni frá Chris, sem var dreift í 2 eða 3 afhendingar frá honum. Honum var greitt fyrir 50 g kr. 27.500. Mætti viðurkennir þannig, að hann og Steiner hafi frá því í febrúar og þangað til skömmu áður en þeir voru handteknir móttekið alls 200 grömm af kókaíni frá Chris, sem hefði fengið samtals 110.000 fyrir þessi 200 grömm, sem mætti og Steiner höfðu drýgt upp í 400 g af kókaíni, sem var heildarmagn þess selda.

Mætti og Steiner höfðu líka hagnast um á að giska 110.000 krónur, sem þeir höfðu skipt á milli sín.

Mætti er spurður um mun nr. 99, en það er brún skjalataska, sem fannst við húsleit í herbergi mætta og hafði að geyma mikið magn af sænskum, dönskum og norskum peningaseðlum.

Mætti kveður sig eiga skjalatöskuna, sem eiginkona hans hafði gefið sér í jólagjöf.

Peningana, alls kr. 239.400, eiga mætti og Steiner í félagi, þannig að mætti á u. þ. b. 110.000 kr., en Steiner afganginn, þ. e. a. s. u. þ. b. 129.400 kr.

Mætta var kynnt, að enn fremur hefðu fundist í herbergi hans 5.510 s. kr. og 15.910 d. kr. Hann sagði, að hann ætti þá í félagi við Steiner, en hann myndi ekki, hversu mikið hann ætti og hversu mikið Steiner ætti.“

Ákærði og Franklín Kristinn Steiner voru yfirheyrdir fyrir dómi í Kaupmannahöfn 2. apríl 1979 að viðstöddum skipuðum réttargæslumanni og fulltrúa ákærvaldsins.

Í nefndu þinghaldi var eftirfarandi bókað varðandi meint brot ákærða í ákæruliðum, er hér um ræðir:

„Mættu skýra frá á sama veg, að þeir hafi frá Chris (George Nagy), sem Steiner hafði hitt í Kristjáníu, fengið afhent 3 kg af hassi í umboðssölu. Hassið átti upphaflega að selja í Kaupmannahöfn, en þar sem það var ekki mjög gott, urðu þeir sammála um að fara til Svíþjóðar. Áður en þeir lögðu af stað, fengu þeir 3 kg til viðbótar. Þeir fóru síðan til Gautaborgar, þar sem þeir seldu u. þ. b. 3 kg hvor fyrir 25—30 s. kr. grammíð. Hvor þeirra fékk þessvegna 80.000 s. kr. Þegar þeir komu aftur, greiddi hvor þeirra Chris 40.000 s. kr. Skömmu síðar fengu þeir afhent 8 kg af hassi frá Chris. Þeir fóru með það til Stokkhólms, þar sem þeir seldu það fyrir u. þ. b. 170.000 s. kr. Eftir heimkomuna skiluðu þeir Chris u. þ. b. 83.000 s. kr.

Mættu skýra einshljóða frá því, að Chris hafi í árslok 1978 farið til Amsterdam að kaupa hass. Þegar hann kom heim í janúar, skýrði hann frá því, að vegna slæms verðurs hefði hann ekki fengið hass. Nokkru síðar fór hann að tala um kókaín og sagði, að hann hefði um 180 g af því. Mættu vildu kaupa hass, en fengu að vita hjá Chris, að hann gæti ekki útvegað hass, fyrr en kókaínið hefði verið selt. Mættu lofuðu þess vegna að selja kókaínið og fengu í þrjú skipti á að giska 50 grömm hverju sinni fyrir 550 kr. grammíð. Mættu drýgðu kókaínið með sykri og seldu blönduna fyrir u. þ. b. 600 kr. grammíð. Þeir fengu til viðbótar kókaínskammt frá Chris, sem sagði þeim, að hann væri um 50 grömm. Efnið var ekki vigtað, svo mættu var ekki ljóst, hvort þetta voru 50 grömm. Á þessum umrædda tíma, líklega mánaðartímabili, neyttu mættu sjálfir kókaíns og telja, að þeir hafi neytt u. þ. b. 50 gr. af hreinu kókaíni.“

Ákærði og Franklín Steiner voru síðan ákærðir og loks dæmdir í borgarétti Kaupmannahafnar 2. maí 1979. Brot ákærða, er hann var þar dæmdur

fyrir, voru fleiri en þau, sem hér er ákært út af undir ákæruliðum 7 og 8, en þó voru ofangreindir tveir ákæruliðir þar á meðal, og voru dönsku ákæruliðirnir, svo sem rakið verður:

Ákæruliður 1 e í hinn dönsku ákæru, sem svarar til ákæruliðar 7 í máli þessu:

„Báðir að hafa í október og nóvember 1978 samkvæmt samkomulagi við George Nagy, en hans mál er afgreitt sérstaklega, í tvö skipti hvor flutt u. þ. b. 3 og 4 kg af hassi til Svíþjóðar og að hafa átt hlutdeild í, að með-ákærði flutti út og sendi sama magn. Fyrir söluna fengust alls 160.000 s. kr. og 170.000 s. kr., og síðan fékk Nagy greiddar 80.000 s. kr. og 83.000 s. kr.“

Ákæruliður 1 f í hinn dönsku ákæru, sem svarar til ákæruliðar 8 í máli þessu:

„Báðir með því í janúar samkvæmt samkomulagi við George Nagy, en hans mál er afgreitt sérstaklega, að hafa fengið í umboðssölu og veitt við töku 180 g af kókaini, sem átti að skila 550 kr. fyrir hvert gramm, en síðan höfðu ákærðu blandað kókainið með þrúgusykri, allt að 50%, og seldu 130 g síðan til eiturlyfjasjúklinga fyrir u. þ. b. 160.000 kr.“

Dómsorð í ofangreindu máli hljóðar þannig:

„Hinir ákærðu, Franklín Kristinn Steiner og Sigurður Þór Sigurðsson, sæti báðir fangelsi í 3 ár. Hjá ákærðu eru gerð upptæk 18.5 g af kókaini, 30.5 g af hassi, 0.5 g af amfetamíni, 139.900 d. kr., 79.500 s. kr., 20.000 n. kr., ein kókainskeið, þrjár skálavogir, 2 fjaðurvogir, askja með lóðum, 6 hasspípur, 4 kúluskot, 7 dálkar, sænskskráður Audi St. ca EHE 211.

Hinir ákærðu greiði einn fyrir báða og báðir fyrir einn málskostnaðinn, þar af 7.000 kr. auk 20.25% söluskatts í þóknun til skipaðs verjanda þeirra, H. Kaastrup-Larsen, lögmanns.“

Ofangreindum dómi var afρύjað, og var málið tekið fyrir í Eystri Landsrétti 14. september 1979. Þá var Franklín K. Steiner yfirheyrdur um meint sakarefni í dönsku ákæruliðum 1 e og 1 f, sem getið var hér að framan.

Ekki reyndist unnt að yfirheyra ákærða í máli þessu, þar sem hann strauk úr fangelsi 27. ágúst 1979 og hafði ekki náðst, er áfrýjunarmálið var tekið fyrir í Eystri Landsrétti 14. september 1979.

Franklín K. Steiner var yfirheyrdur í Eystri Landsrétti ofangreindan dag, og var þá bókað eftir honum eftirfarandi:

„Hann játaði á sig meira en hann var sekur um, af því að honum hafði verið sagt, að hann gæti alveg eins játað ásamt Sigurðssyni, því hann myndi verða dæmdur fyrir allt engu að síður, og ef hann játaði allt, myndu þeir báðir hljóta vægari refsingu. Samkvæmt samkomulagi við Sigurðsson játuðu þeir á sig helming hvor.“

Er Franklín K. Steiner var spurður um ofangreinda danska ákæruliði 1

e og 1 f, er svara til liða 7 og 8 í máli þessu, var eftirfarandi bókað eftir honum:

Um lið e, sbr. lið 7 í máli þessu:

„Hann neitar að vera sekur. Hann segir, að Sigurðsson hafi í fyrsta skiptið farið til Málmeysjar með 3 kg af hassi og í annað skipti með 4 kg af hassi. Ákærði ók bíl Sigurðssonar til Málmeysjar og ók Sigurðssyni með hassið frá Málmeys til Gautaborgar, þar sem Sigurðsson seldi hassið aleinn. Fyrir aðstoðina fékk ákærði 7.000 s. kr. í fyrsta skiptið, en í annað skiptið s. kr. 10.000.“

Um lið f, sbr. lið 8 í máli þessu:

„Hann kveðst aðeins sekur að hluta og skýrir frá því, að hann hafi frá Sigurðssyni veitt viðtöku til sölu 20—30 g af hreinu kókaíni. Þetta blandaði hann með þrúgusykri í hlutfallinu 1 : 1. Hann notaði af blöndunni u. þ. b. 10 g sjálfur, en seldi afganginn, nærri 40 g fyrir 600 krónur grammíð. Hann gerði upp kaupverðið með því að greiða 550 kr. fyrir hvert gramm af hreinu kókaíni, sem hann fékk.“

Í dómi Eystri Landsréttar 14. september 1979 var málinu vísað heim til borgarréttar Kaupmannahafnar og fyrri dómur ómerktur. Í forsendum dómsins segir svo:

„Eins og bent hefur verið á af verjendum, eru a. m. k. slíkt ósamræmi í liðum 1 e, 3 og 4 milli játninga hinna ákærðu, eins og þær eru færðar til bókar, og lýsingar dómsins á innihaldi verknaðar, að skilyrði til þess að láta málið ganga til dóms sem játningarmál skv. 925. gr. réttarfarslega, eins og gert hefur verið, eru ekki fyrir hendi. Því ber að ómerkja hið afnýjaða mál og vísa málinu heim til bæjarréttarins.“

Mál ákærða og Franklín Kristins Steiner var síðan dæmt á ný í borgarrétti Kaupmannahafnar 17. desember 1979. Í dóminum segir m. a. svo:

„Ákærði Sigurðsson hefur ekki mætt í réttinum, þar sem upplýst er, að hann strauk 27. ágúst. Meðferð þessa máls fyrir dóminum hefur þessvegna aðeins snúist um þátt Steiner.“

Þrátt fyrir tilvitnuð ummæli í hinum danska dómi þykir hér verða að vika stuttlega að dóminum og rekja framburð Franklín Kristins Steiner og vitna, er leidd voru.

Við dómsmeðferðina í borgarréttinum í Kaupmannahöfn 17. desember breytti Franklín Kristinn Steiner fyrri framburði sínum. Kvaðst Franklín hafa ekið ákærða í tvö skipti til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi hass einn. Kvað Franklín ákærða hafa selt 3 kíló í fyrri ferðinni, en 4 kíló í þeirri síðari, og kvaðst Franklín hafa fengið í sinn hlut fyrir aðstoðina 17.000

sænskar krónur. Þá kvaðst Franklín vita af þriðju ferð ákærða til Svíþjóðar, þar sem hann seldi 6—7 kíló af hassi.

Franklín Kristinn Steiner hafði áður í þinghaldi í borgarrétti Kaupmannahafnar þann 2. apríl 1979 og 2. maí s. á. lýst þætti sínum í að selja alls 14 kíló af hassi með ákærða, einkum í Svíþjóð.

Franklín Kristinn Steiner breytti síðan framburði sínum, er hann var yfirheyrður fyrir Eystri Landsrétti 14. september 1979. Þá kvaðst Franklín hafa farið tvær ferðir með ákærða til Svíþjóðar, og voru alls 7 kíló af hassi meðferðis.

Svo sem rakið var, breytti Franklín Kristinn Steiner enn framburði sínum í borgarrétti Kaupmannahafnar 17. desember 1979. Nú var framburður Franklín þannig, að hann hafi ekið ákærða til Svíþjóðar í tvö skipti, og voru 3 kíló af hassi með í annarri ferðinni og 4 kíló af hassi í hinni. Þá kvaðst Franklín vita af þriðju ferð ákærða, þar sem hann hafði meðferðis 6 til 7 kíló af hassi.

Um ástæðu hins breytta framburðar Franklín Kristins Steiner var eftirfarandi haft eftir Franklín í dómi borgarréttar Kaupmannahafnar frá 17. desember 1979:

„Þar sem ákærði hafi hjá lögreglu og í þinghöldum skýrt frá á annan veg, þá stafi það af því, að lögreglan hafi sagt, að ef hann játaði ekki í miklu ríkari mæli en hann viðurkenndi fyrst, þá myndi hann samt verða dæmdur og hljóta 6—7 ára fangelsi. Lögreglunni hefur ennfremur tekist að fá konuna hans til þess að reyna að hafa áhrif á hann til þess að játa í ríkari mæli en hann var sekur um. Dag nokkurn var hann yfirheyrður ásamt Sigurðssyni í þeim tilgangi, að þeir gætu í sameiningu komið sér saman um samhljóða skýringar. Við þetta tækifæri ákváðu ákærði og Sigurðsson, að ákærði tæki á sig hálfa sökina af því, sem þeim var gefið að sök, og Sigurðsson lét hann fá bréfmíða, þar sem skráð var, hvað ákærði ætti að játa. Í þinghaldinu í bæjarréttinum, þar sem fram kom, að ákærði og Sigurðsson hefðu gefið samhljóða skýringar, var Sigurðsson yfirheyrður á undan, og síðan staðfesti ákærði framburð Sigurðssonar. Að því leyti sem um vandamál var að ræða, gátu þeir náð að koma sér saman um, hvernig þeir ættu að bera.“

Franklín Kristinn Steiner breytti einnig fyrri framburði sínum varðandi ákæruleið 8 í máli þessu, er hann kom fyrir borgardóm Kaupmannahafnar 17. desember 1979. Kvað Franklín ákærða hafa tjáð sér af 180 grömmum af kókaíni, er Nagy vildi, að þeir seldu. Kvaðst Franklín hafa samþykkt söluna og kvaðst hafa veitt móttöku 10 grömmum af kókaíni á herbergi ákærða. Franklín kvaðst síðar hafa tekið við 15—20 grömmum til viðbótar og blandað allt efnið til helminga með þrúgusykri og selt síðan.

Um ástæðu síns breytta framburðar vísaði Franklín til fyrri framburðar, sem rakinn var hér að framan.

Við þessa síðari dómsmeðferð máls Franklín Kristins Steiner hjá borgarrétti Kaupmannahafnar 17. desember 1979 voru yfirheyrð sem vitni þau H. P. Nørregaard rannsóknarlögreglumaður og A. B. Shümp lögreglufulltrúi.

Ekkert er tekið fram í hinum danska dómi um það, að óvenjulegum rannsóknaraðferðum hafi verið beitt við rannsókn málsins í Danmörku, en því hélt verjandi Franklín Kristins Steiner fram í Danmörku, og verjandi ákærða vék að því við munnlegan flutning máls þessa.

Margrét Ágústsdóttir, eiginkona Franklín Kristins Steiner, var yfirheyrð hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 19. mars 1979. Margrét kvað eiginmann sinn hafa tjáð sér í byrjun desember 1978, að hann fyrirhugaði ferð til Gautaborgar með ákærða á bíl. Margrét kvað eiginmann sinn ekki hafa sagt sér, hvert markmið ferðarinnar væri, en kvaðst þó viss um, að ferðin stóð í sambandi við fíkniefni (hass).

Margrét kvað sig vita um meðhöndlun Franklín á kókaíni um þetta leyti og að efnið væri komið frá George Nagy.

Guðrún Ragnarsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 28. mars 1979. Guðrún kvað fyrstu kynni sín af George Nagy hafa verið þau, að ákærði og Franklín K. Steiner komu í heimsókn í des. 1978 ásamt nefndum George Nagy. Guðrún kvaðst síðan hafa hitt George Nagy oftari, m. a. í janúar 1979 og hafi hann þá gefið sér kókaín til neyslu. Guðrún kvað sig eftir þetta hafa fengið kókaín í nokkur skipti hjá George Nagy, ákærða og Franklín K. Steiner. Guðrún kvað George Nagy, Franklín K. Steiner og ákærða hafa verið mikið saman og hún hafi haft grun um, hvað þeir störfuðu, en kvaðst ekki geta úttalað sig um þetta, þar sem enginn ofangreindra höfðu skýrt henni frá, hvað þeir aðhöfðust.

Sigríður Brynja Pétursdóttir var yfirheyrð sem vitni í borgarrétti Kaupmannahafnar 19. mars 1979. Kvaðst Sigríður Brynja þess fullviss, að eiginmaður sinn, ákærði í máli þessu, og Franklín K. Steiner hefðu farið nokkrar ferðir til Svíþjóðar til að selja þar hass. Hún vissi, að þeir fóru til Gautaborgar og Stokkhólms, en vissi ekki, hversu mikið hass var selt, en er þeir komu til baka úr ferðinni, voru fyrir hendi u. þ. b. 20.000 sænskar krónur í tösku nokkurri.

Sigríður Brynja kom til Kaupmannahafnar í janúar 1979 eftir að hafa dvalið í Mexico með ákærða. Það var þá, er Sigríður Brynja kvaðst fyrst hafa heyrt minnst á kókaín. Sigríður kvaðst þess fullviss, að kókaínið væri komið frá George Nagy, sem bjó á sama hóteli. Sigríður Brynja kvaðst hafa skynjað, hvað fór fram í húsinu, þar sem George Nagy, Franklín K. Steiner og ákærði komu til fundar næstum á hverjum degi í íbúð sinni, og snerust umræðurnar um kókaín. Sigríður Brynja kvað ofangreinda

aðilja selja efnið með ágóða í huga, og ákærði og Franklín notuðu efnið stöku sinnum. Sigríður kvaðst ekkert vita um efnismagn, en kvaðst hafa séð efnið og vita um nokkra pakka, er fóru um hendur ákærða og Franklín. Sigríður Brynja kvaðst sjálf í eitt skipti hafa mótttekið fullt umslag frá George Nagy og hafi hún álitnið efnið kókaín, enda efnið eins viðkomu og það, er hún hafi áður séð og vissi, að var kókaín. Sigríður taldi efnið hafa verið undir 50 grömmum, er átti að afhendast ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 18. febrúar sl., áður en ákæra var út gefin. Aðspurður um efni dansks ákæruliðar, er svarar til ákæruliðar 7 í máli þessu, þá kvað ákærði sakagiftir rangar, eins og þær koma fram þar.

Ákærði kvaðst á þeim tíma, er um ræðir í ákærulið 7, hafa tekið við 1 kíló af hassi úr höndum Franklín K. Steiner. Ákærði kvaðst hafa flutt efnið til Svíþjóðar og þar hafa selt efnið mörgum sér ókunnum aðiljum.

Ákærði kvaðst álíta þau 14 kíló af hassi, er um var rætt í dönsku ákær-unni, þannig tilkomin, að ákærði hafi orðið við ósk Franklín K. Steiner um að játa á sig sakir til jafns við hann, og kvað ákærði þetta hafa verið gert til að skýra peninga þá, er fundust í herbergi ákærða á hótelinu De fem Svaner 3. mars 1979. Ákærði kvað Franklín hafa átt nefnda peninga.

Er ákærði var spurður í nefndu þinghaldi um efni dansks ákæruliðar, er svarar til ákæruliðar 8 í máli þessu, vísaði ákærði til ástæðna, er raktar voru og eiga við um ákærulið 7.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið við kókaíni úr höndum George Nagy og heldur ekki hafa selt slíkt efni, og kvaðst ákærði ekki með neinum hætti hafa aflað sér kókaíns.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 9. september sl., og bar ákærði efnislega á sama veg og rakið var hér að ofan, er hann var spurður um háttsemi þá, er honum er gefin að sök í 7. og 8. lið ákæru. Kvaðst ákærði hafa selt í Svíþjóð 1 kíló af hassi, er hann kvaðst hafa fengið hjá Franklín í október eða nóvember 1978, og hafi söluandvirðið numið 26 — 27. 000 sænskum krónum.

Ákærði kom enn fyrir dóm 11. nóvember sl. og neitaði þá öllum fíkniefnasamskiptum við George Nagy, en kvaðst hafa séð hann í nokkur skipti í fylgd Guðrúnar Ragnarsdóttur.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður 1.

Dóminum þykir sannað með framburði ákærða, sem studdur er af framburðum Halldórs Lárusar Péturssonar, Sigríðar Brynju Pétursdóttur og Árna Hrafnssonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum

ákærulið greinir, þó þykir verða að miða við 250 grömm af hassi, sbr. framburð ákærða og Halldórs Lárusar.

Ákærði keypti seinni hluta júlí 1978 250 grömm af hassi í Kaupmannahöfn í félagi við Halldór Lárus. Efnið kostaði 17 — 18 danskar krónur hvert gramm. Efnið var flutt til Svíþjóðar og selt í Gautaborg ótilgreindum fólki fyrir 6.000 — 7.000 sænskar krónur.

Ákæruliður 2.

Ákærði hefur hér fyrir dómi 9. september 1982 borið af sér allar sakir varðandi háttsemi þá, er honum er hér gefin að sök.

Dóminum þykir með efnislega samhljóða framburðum Halldórs Lárusar Péturssonar og Hermanns Ólasonar, m. a. um efnistegund, en gegn neitun ákærða, sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Sýknukrafa er því ekki tekin til greina varðandi þennan ákærulið.

Ákærði keypti því í félagi við Halldór Lárus Pétursson nærri mánaðamótum júlí/ágúst 1978 200 grömm af hassi í Hollandi og flutti efnið til Svíþjóðar og seldi það í Gautaborg ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 7.000 sænskum krónum.

Ákæruliður 3.

Ákærði hefur borið af sér allar sakir varðandi þennan ákærulið.

Hermann Ólason, Halldór Lárus Pétursson, Sigurður Rafn Jóhannsson og Róbert Rósmann Guðjónsson hafa allir borið um ofangreinda meinta háttsemi. Eru framburðir ofangreindra samhljóða í öllum aðalatriðum, m. a. varðandi efnistegund, er keypt var í Hollandi, og tímasetningu ferðarinnar. Sigurður Rafn kvað alla ferðina frá innkaupum í Hollandi, uns sölu lauk í Svíþjóð, hafa tekið um fjóra daga.

Halldór Lárus mun ekki hafa komist til Hollands í þessa ferð, heldur beðið eftir ákærða í Kaupmannahöfn, uns ákærði kæmi til baka úr ferðinni.

Hermann Ólason og Sigurður Rafn bera um meiri hasskaup ákærða en hér er ákært út af. Þykir hér varlegast að taka mið af framburði Halldórs Lárusar og telja efnismagn 400 grömm af hassi.

Dóminum þykir því sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi um mánaðamótin júlí/ágúst 1978 keypt í Hollandi 400 grömm af hassi og flutt efnið til Svíþjóðar og selt efnið í Gautaborg ótilgreindum mönnum með aðstoð Halldórs Lárusar Péturssonar og fengið fyrir allt að 11.000 sænskum krónum. Sýknukrafa er ekki tekin til greina varðandi þennan ákærulið.

Ákæruliður 4.

Ákærði hefur borið af sér allar sakir varðandi meinta háttsemi í þessum ákærulið.

Hermann Ólason, Halldór Lárus Pétursson, Sigurður Rafn Jóhannsson og Árni Hrafnsson hafa allir borið um ferð þá, er hér um ræðir. Eru framburðir allra ofangreindra aðilja efnislega á sama veg, m. a. varðandi tíma- setningu ferðarinnar og efnistegund, er keypt var í ferðinni.

Dóminum þykir því með framburðum ofangreindra aðilja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er hér er ákært út af. Sýknukrafa er því ekki tekin til greina varðandi þennan lið ákæru.

Ákærði keypti því í félagi við Halldór Lárus Pétursson 1 kíló af hassi í Hollandi fyrri hluta ágústmánaðar 1978. Efnið var fyrst flutt til Danmerk- ur og síðan mestur hluti þess til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi efnið, mest í Gautaborg, ótilgreindum mönnum fyrir samtals allt að 19.000 sænsk- um krónum.

Ákæruliður 5.

Ákærði hefur borið af sér háttsemi þá, er um getur í þessum ákærulið.

Af framburði Árna Hrafnssonar má ráða, að ákærði og Halldór Lárus hafa úr þessari ferð haft til ráðstöfunar um 2 kíló af hassi. Guðmundur Einarsson og Halldór Lárus hafa borið á sama veg um efnismagn. Varlegast þykir hér að miða við, að Halldór Lárus hafi keypt í Amsterdam 2 kíló af hassi.

Dóminum þykir með vísan til framburða ofangreindra aðilja, en gegn neitun ákærða, sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er hér um ræðir, þó að miðað verði við 2 kíló af hassi, svo sem rakið var. Sýknu- krafa er því ekki tekin til greina varðandi þennan lið ákæru.

Ákærði keypti í félagi með Halldóri Lárusi Péturssyni 2 kíló af hassi í Hollandi um miðjan ágúst 1978. Efnið var flutt til Kaupmannahafnar, þar sem ákærði seldi mestan hluta efnanna ótilgreindum mönnum. Ekki er upplýst heildarsöluverð efnanna.

Ákæruliður 6.

Ákærði hefur borið af sér háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Árni Hrafnsson fór með ákærða í ofangreinda för og kvað efnið hafa verið keypt í Rotterdam. Halldór Lárus, sem ekki fór í ferðina, kvað efnið hafa verið keypt í Amsterdam. Að öðru leyti eru framburðir ofangreindra aðilja efnislega samhljóða, m. a. hvað varðar tímasetningu og efnistegund,

er keypt var, og að hluta studdir framburðum Péturs Blöndal Gíslasonar og Kristjáns Aðalsteinssonar.

Hér verður gengið út frá því sem sönnuðu, að kaupin hafi átt sér stað í Rotterdam.

Dóminum þykir því með framburðum ofangreindra aðilja sannað, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Er sýknukrafa varðandi þennan ákærulið því ekki tekin til greina.

Ákærði keypti í Hollandi um mánaðamót ágúst/september 1978 í félagi við Halldór Lárus Pétursson og Árna Hrafnsson 4 kíló af hassi. Efnið var flutt til Danmerkur og síðan til Svíþjóðar, þar sem ákærði seldi ásamt þeim Arna og Halldóri stærstan hluta efnisins, einkum þó í Gautaborg og Málmey, til ótilgreindra manna. Síðan var skipt eftirstöðvum efnisins, og er ekki upplýst, hvernig ákærði ráðstafaði sínum hluta eftirstöðva efnisins.

Ákæruliður 7 og 8.

Ákærði bar hér fyrir dómi 9. september 1982 að hafa á þeim tíma, er um ræðir í ákærulið 7, selt 1 kíló af hassi fyrir Franklín K. Steiner. Hassið kvaðst ákærði hafa selt í Svíþjóð fyrir 26—27.000 sænskar krónur. Ákærði hefur borið af sér frekari sakir þennan ákærulið varðandi. Ákærði kvað hér fyrir dómi 9. september 1982 skýringu á þeim 14 kílóum af hassi, er hér er ákært út af, vera þá, að ákærði og Franklín K. Steiner hafi komið sér saman um að greina svo frá sem í ákærulið þessum greinir til að skýra fé, er fannst á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979.

Áður höfðu ákærði og Franklín K. Steiner borið efnislega á sama veg varðandi ofangreind meint brot ákærða í ákærulið 7, bæði hjá lögreglu í Kaupmannahöfn og fyrir dómi þar í borg.

Ákærði bar af sér sakir í ákærulið 8 hér fyrir dómi 9. september 1982.

Skýringar ákærða á háttsemi þeirri, er honum er gefin að sök í ákærulið 8, eru hinar sömu og raktar voru hér að ofan viðvíkjandi hassinu. En auk þess hefur ákærði hér fyrir dómi 11. nóvember 1982 borið af sér hvers konar sakir varðandi meðhöndlun á kókaíni.

Ákærði og Franklín K. Steiner höfðu borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi í Kaupmannahöfn varðandi meint brot ákærða í ákærulið 8.

Upphaflegir framburðir ákærða og Franklín K. Steiner hjá lögreglu í Kaupmannahöfn og fyrir dómi eru studdir af sjálfstæðum framburðum Margrétar Ágústsdóttur, Guðrúnar Ragnarsdóttur, Sigríðar Brynju Pétursdóttur og George Nagy að hluta, þótt sá hafi ekki gengist við því að hafa selt ákærða og Franklín K. Steiner fíkniefni í jafnmiklum mæli og ákært er út af.

Áhöld, fíkniefni og gífurlega miklir fjármunir, sem krafist er upptöku á og fundust í vörslum ákærða á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979, renna og sterkum stöðum undir verulegt fíkniefnamisferli ákærða, sem ásamt Franklín hefur lýst féð andviðri seldra fíkniefna og kannast við að eiga hluta þeirra fíkniefna, er fundust.

Ekkert er í gögnum málsins, sem bendir til, að óeðlilega hafi verið staðið að frumrannsókn máls þessa í Danmörku og ekkert að því vikið í hinum dönsku dómum.

Samkvæmt öllu ofanrituðu þykja ekki efni til að taka mark á hinum breytta framburði ákærða. Ekkert er að finna í gögnum málsins, er rennt gæti stöðum undir skýringar ákærða á hinum breytta framburði, sem þykir þannig með öllu órökstuddur og í algeru ósamræmi við öll gögn máls þessa.

Dómurinn telur því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er um getur í ákæruliðum 7 og 8.

Ákærði tók í félagi við Franklín K. Steiner við alls 14 kílóum af hassi af ungverskum manni, George Nagy, í Kaupmannahöfn í október og nóvember 1978. Afhendingar voru tvær. Efníð var flutt til Svíþjóðar í bæði skiptin og selt þar ótilgreindum mönnum. Í fyrra skiptið var efníð selt fyrir samtals 160.000 sænskar krónur og í síðara skiptið fyrir 170.000 sænskar krónur. George Nagy fékk 83.000 sænskar krónur í hvort skiptið, eftir að efníð hafði verið selt.

Þá tók ákærði í félagi við Franklín K. Steiner við 180 grömmum af kókaíni af George Nagy. Átti þetta sér stað í janúar og febrúar 1979. Efníð var síðan blandað til helminga með þrúgusykri og þannig seld a. m. k. 130 grömm af efninu í Kaupmannahöfn fyrir allt að 220.000 dönskum krónum

Brot ákærða verða virt sem áframhaldandi brotastarfsemi, sem í heild sinni varði ákærða refsingu eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr., sbr. verknaðarlýsingar 2., sbr. 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. reglugerð nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 425/1974, og jafnframt með vísan til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur því unnið til refsingar.

Í 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga 64/1974, svo og í lögum 65/1974 er viðtækt bann lagt við hvers kyns handhöfn eða meðhöndlun fíkniefna, er nefnd eru í lögunum eða reglugerð 390/1974, settri skv. þeim, og í fylgiskjalinu með reglugerðinni. Af hinu viðtæka banni leiðir eitt af séreinkennum brota gegn ofangreindum lögum og/eða reglugerðum, að sjaldan nýtur við eiginlegra vitna í skilningi XII. kafla laga 74/1974, heldur nýtur yfirleitt við framburða annarra samsekra eða sakaðra manna.

Slíkir framburðir hafa fyrir dómstólum hér á landi verið metnir gildir til stuðnings framburðum ákærðra.

Ákærði hefur gengist við broti varðandi ákærulið 1, en ákærði hefur frá upphafi neitað sakargiftum í ákæruliðum 2—6.

Í nefndum ákæruliðum nýtur við sjálfstæðra framburða frá tveimur upp í fjögurra sakaðra eða samsekra aðilja, sem við hvern ákærulið bera efnislega á sama hátt um brot ákærða.

Í máli þessu nýtur ekki við eiginlegra vitna varðandi brot ákærða í ákæruliðum 2—6. Eins og rakið var við hvern ofangreindra ákæruliða fyrir sig, telur dómurinn brot ákærða, er þar getur, vera sönnuð þrátt fyrir neitun ákærða, sem er í algerri andstöðu við öll gögn málsins.

Ákærði hefur hér fyrir dómi breytt fyrri framburðum sínum varðandi ákæruliði 7 og 8.

Svo sem rakið var, þykir ekki mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er örökstuddur og í algeru ósamræmi við gögn málsins. Varðandi ákæruliði 7 og 8 nýtur við jafnt vitnaframburða og framburða annarra samsekra. Hafa slíkir framburðir verið metnir gildir fyrir dómstólum og til sakfellingar hér á landi þrátt fyrir breyttan framburð ákærða, sé hinn breytti framburður í andstöðu við gögn málsins. Má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar frá 6. desember 1982 í málinu nr. 62/1982.

Brot ákærða eru stórfelld og lýsa einbeittum brotavilja. Á því tímabili, er í ákæru getur, hafði ákærði með höndum stöðuga verslun með fikniefni. Ákærði keypti efnin sjálfur, lét kaupa fyrir sig og stundaði loks mjög umfangsmikla dreifingu mikils magns fikniefna gegn háu fégjaldi í Danmörku og Svíþjóð. Þá athugast, að ákærði dreifði ásamt Franklin K. Steiner allt að 130 grömmum af kókaíni í Kaupmannahöfn.

Refsing ákærða verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanrituðu virtu og að virtum gögnum málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði var handtekinn í Kaupmannahöfn 3. mars 1978 og sætti gæsluvarðhaldi til 27. ágúst s. á., en þá strauk ákærði úr fangelsi í Kaupmannahöfn. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ofangreindur gæsluvarðhaldstími, alls 178 dagar, komi til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Brot ákærða voru framin með viðskiptasjónamið í huga, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976.

Ákærða er gert að greiða í sekt til ríkissjóðs kr. 20.000.00, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. nú lög 75/1982, 1. gr., en er ákærði framdi brot sín, var sektarhámark 50. gr. almennra hegningarlaga 5 milljónir gkr., sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976.

Greiðist sektin ekki innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 90 daga í sektar stað.

Svo sem rakið var að framan, telur dómurinn sannað, að fjármunir þeir, er fundust í vörslum ákærða á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979, séu andvirði seldra fíkniefna, svo sem fram kemur í gögnum málsins. Féð, er fannst, er ágóði af fíkniefnasölu ákærða og Franklín K. Steiner. Ekki þykir skipta máli, þótt Franklín K. Steiner hafi verið talinn eigandi einhvers hluta fjárins, enda stofnast ekki lögvarinn eignarréttur með brotastarfsemi, og er því ekki um löglegt tilkall til fjárins að ræða, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Féð fannst í vörslum ákærða, og með vísan til 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er fallist á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á 139.900 dönskum krónum, 79.500 sænskum krónum og 20.000 norskum krónum.

Með vísan til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 skal gera upptæk til ríkissjóðs efni og áhöld, er fundust í vörslum ákærða á hótelinu De fem Svaner í Kaupmannahöfn 3. mars 1979. Þannig skulu upptæk 18.5 grömm af kókaíni, 30.5 grömm af hassi, 0.5 grömm af amfetamíni, 1. kókaínskeið, 3 vísavogir, 2 fjaðravogir, askja með lóðum og 6 hasspípur.

Með vísan til 141. gr. laga 74/1974 er ákærða gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 12.000.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs og kr. 12.000.00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, fæddur 19. desember 1952, skal sæta fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 178 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í Danmörku vegna máls þessa.

Ákærði greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 90 daga fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptækar til ríkissjóðs skulu 139.900 danskar krónur, 79.500 sænskar krónur og 20.000 norskar krónur.

Þá skulu upptæk til ríkissjóðs 18.5 grömm af kókaíni, 30.5 grömm af hassi, 0.5 grömm af amfetamíni, 1 kókaínskeið, 3 vísavogir, 2 fjaðravogir, askja með lóðum og 6 hasspípur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 12.000.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og kr. 12.000.00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.